

Gunnlaugs saga ormstungu

svör

Svör við spurningum

1. kafli

1. Faðir Þorsteins var Egill Skallagrímsson og afi hans var Skallagrímur Kveldúlfsson.
2. Í sögunni segir að Þorsteinn hafi verið vitur, hógvær og hófsamur um alla hluti. Hann var ekki sami afreksmaðurinn og faðir hans en var þóvar hann „hið mesta afarmenni og vinsæll af alþýðu“.
3. Að margir þeirra hafi verið manna myndarlegastir á Íslandi, aðrir manna ljótastir, margir atgervismenn og sumir skáld.
4. Jófríður Gunnarsdóttir.
5. Jófríður átti fyrir stúlku sem nefndist Húngerður. Með Þorsteini átti hún margt barna og eru nefndir í kaflanum Skúli, Kollsveinn og Egill. Síðar bætist Helga við.
6. Hún var skörungur mikill.

2. kafli

7. Bergfinnur var norskur skipstjóri sem hefur stundað millilandaverslun. Hann var vitur og hafði áhuga á draumum. Hlutverk hans er að mynda ramma um frásögnina. Draumurinn er fyrirboði válegra atburða. Viðbrögð Þorsteins við draumnum bera vott um að hann taki drauminn trúanlegan þótt hann segi annað; í þessu birtist örlagatrú: það verður að koma fram sem ætlað er; við sjálf ráðum þar engu um.
8. Austmenn voru Norðmenn.
9. Hann réð jafnan mestu um verðlagningu þess varnings sem kaupmenn komu með. Þá hélt hann leiguliða, sbr. Atla. Skipstjórinn dvaldi hjá Þorsteini.
10. Undir Valfelli við bæinn Grenjar.
11. Þeir voru að lagfæra veggja búðartófta Þorsteins.
12. „Ekki er mark að draumum.“
13. Nemendur svara þessu.

3. kafli

14. Ef barnið yrði stúlka átti að bera það út. Hann óttast að draumurinn muni rætast.
15. Hann talar um að landið hafi verið alheiðið. Kristni var lögtekin á Íslandi árið 1000. Þar með hljóta þessir atburðir að eiga að hafa gest fyrir þann tíma.
16. Henni fannst þetta ólíkt honum.
17. Hún lét fara með það í Hjarðarholt til Þorgerðar Egilsdóttur, systur Þorsteins.
18. Hann mundi sennilega fyrr eða síðar ljóstra upp um afdrif barnsins – og þá yrði Þorsteini að mæta.
19. Svo fara hlutir eins og þeir eiga að fara. Vísað er í eitthvað sem veltur undan halla.
20. Það er eins og hann heillist af fegurð stúlkunnar. En jafnframt er eins og hann hafi séð eftir fyrri ákvörðun því að hann talar um „vanhyggju“ sína.

4. kafli

21. Mismunandi svör.
22. Mismunandi svör.
23. Hann vill fara utan tólf ára gamall og reynir sjálfur að taka sér fararefni gegn vilja föður síns.
24. Hann gat ekki séð fram á að sonurinn réði við að vera í útlöndum, í ljósi þess hve erfitt var að tjónka við hann heima fyrir.
25. Hann fór til Þorsteins á Borg og þar var tekið vel við honum.
26. Hann nam lögspeki af Þorsteini og skemmti sér með Helgu.
27. Öllum líkar vel við hann á Borg. Það bendir til að hann hafi breyst frá því að hann var hjá föður sínum.
28. Mismunandi svör.
29. Hann virðist óttast að þetta sé meira en bara leikur hjá Gunnlaugi.

5. kafli

30. Hann var Önundarson og þeir Skafti lögsögumaður og Hrafn voru systrasynir.
31. Með vísun höfundar í að á þessum tíma hafi Íslendingar tekið kristna trú, en það átti sér stað árið 1000.
32. Mismunandi svör.
33. Höfundur segir beinum orðum: „Og þessu nær urðu þau tíðindi er **best** hafa orðið hér á Íslandi að landið varð allt kristið og allt fólk hafnaði fornum átrúnaði.“
34. Sennilega er frásögninni ætlað að sýna skaplyndi Gunnlaugs (hann er uppstökkur og tekur áhættu en leysir úr málum sínum). Einnig sýnir frásögnin dæmi um skáldgáfu unga mannsins.
35. Átján ára.
36. Honum finnst Gunnlaugur hafa mannast og þroskast.
37. Hann þekkir *Laxdæla sögu* og þar með drögum við þá ályktun að saga Gunnlaugs sé skrifuð síðar en *Laxdæla* sem talin er skrifuð um 1250.
38. Þorsteinn segist ekki vilja fastna Helgu Gunnlaugi vegna þess að Gunnlaugur sé *óráðinn* og sé á leið utan. Þá nefnir hann að hann sé ekki jafnoki föður síns. Þá mun draumurinn angra hann (Gunnlaugur kemur „ofan frá fjöllum“ (sjá kafla 2; sbr. orðin „uppi við fjöllin“ í 5. kafla).
39. Að neitun hans mundi hafa í för með sér vinslit þeirra. Samkomulag þeirra fólst í því að Helga skyldi vera *heitkona* Gunnlaugs en eigi *festarkona* og bíða þrjá vetur. En Gunnlaugur skyldi fara utan og skapa sig eftir góðra manna siðum en Þorsteinn yrði svo laus allra mála ef hann kæmi ekki innan þriggja ára eða ef honum líkaði ekki skapferði hans.

6. kafli

40. Eiríkur jarl Hákonarson og Sveinn bróðir hans.
41. Hann var með graftarkýli á ristinni og vall úr.
42. Gunnlaugur svaraði: „Eigi skal haltur ganga meðan báðir fætur eru jafnlangir.“
Hann lét smámuni ekki hafa áhrif á sig. Sýnir karlmennsku!
43. Að Þórir hirðmaður konungs skyldi væna hann um rembing.
44. Að hann mundi ekki ná því að lifa önnur 18 ár.
45. Gunnlaugur vísaði til lítilmótlegs dauðdaga föður Eiríks jarls, Hákonar Hlaðajarls, sem drepinn var af þræl sínum í svínastíu.
46. Skúli Þorsteinsson, fóstbróðir Gunnlaugs en hirðmaður jarlsins.
47. Til Lundúna.

7. kafli

48. Aðalráður Játgeirsson ráðlausi (*Ethelred the Unready*)
49. Sama tunga og í Noregi og Danmörku. Þetta er orðum aukið. Engilsaxneskan er að vísu skyld norrænu málunum. En geta má þess að nýlendur norrænna manna voru víða á Bretlandseyjum og ýmis orð hafa ratað inn í ensku úr norrænu.
50. Skarlatsskikkju (þessi skikkja kemur síðar við sögu).
51. Hann bjó yfir þeim hæfileika að geta gert vopn andstæðingsins bitlaus.
52. Hann lét hann fá sérstakt sverð og lagði á ráðin um hvernig Gunnlaugur gæti haft sigur (með því að láta Þórorm ekki sjá sverðið).
53. Hann sagðist þurfa að efna heit er hann hafði gefið um að vitja þriggja konunga og tveggja jarla. (Þetta hefur ekki komið fram í sögunni fyrr en hér.)
54. Að koma aftur á næsta hausti.

8. kafli

55. Til Dyflinnar á Írlandi.
56. Kveðskapur var í hávegum hafður á þessum tíma. Þeir sem gátu ort gátu gert sér vonir um bragarlaun. Víða er greint frá því að konungar hafi metið skáld sín mikils enda varðveittist orðstír þeirra í kvæðum. Þess má t.d. geta að Snorri Sturluson studdist mjög við gömul kvæði og vísur þegar hann skrifaði sögu Noregskonunga (*Heimskringlu*).
57. Með góðum gjöfum eða boði um hirðvist.
58. Hann orti kvæði þar sem hann hampaði (hrósaði) báðum.

9. kafli

59. Í Uppsölum í Svíþjóð en þar réð þá ríkjum Ólafur Eiríksson konungur.
60. Hrafn Önundarson; hann gefur Gunnlaugi bestu meðmæli og segir hann vera „hinnar bestu ættar og sjálfur hinn vaskasti maður“.
61. Þeim samdi vel.
62. Af því að hann kom á undan Gunnlaugi á fund konungs.
63. Hann telur sig betur ættaðan.
64. Nemandinn svari þessu. Báðir sýna nokkra eigingirni. Og Gunnlaugur sýnir Hrafn óneitanlega hroka og ókurteisi.
65. Að það væri stirt kveðið.
66. Honum finnst það yfirbragðslítið (tilþrífalítið); einnig finnst honum sérkennilegt að Hrafn skuli yrkja *flokk* en ekki *drápu* um konunginn.
67. Að hann muni hefna sín þó síðar verði.
68. Í kafla 4 er sagt um Helgu: „...og enginn kostur þótti þá þvílíkur sem Helga hin fagra í öllum Borgarfirði og víðara annars staðar.“ Þetta er næg ástæða fyrir Hrafn að biðja Helgu. En þar að auki vill hann nú hefna sín á Gunnlaugi því að hann veit að Helga er heitbundin honum. (Ef þeir Hrafn og Gunnlaugur hefðu verið vinir verður að teljast ólíklegt að Hrafn hefði beiði Helgu.)
69. Hrafn sækir málið fast og með hjálp ekki ómerkari manns en Skafta Þóroddssonar lögsögumanns. Og nú er þriggja ára fresturinn liðinn sem samið var um. Jafnvel Illugi, faðir Gunnlaugs, sér að Þorsteinn er laus frá öllum skuldbindingum við Gunnlaug.
70. Henni leist illa á málin, en hefur sennilega ekki fengið mikið um þau að segja. Konur voru í þessu ofurseldar valdi föður síns.

10. kafli

71. Af því að hann bjóst við árás Dana undir stjórn Knúts konungs og þurfti á öllum tiltækum mönnum að halda.
72. Hallfreði vandræðaskáldi.
73. Hann hafði lent í útistöðum við Hrafn þegar hann neitaði að greiða fyrir að fá að leggja skipi sínu í Leiruvog fyrir neðan (Mosfells-) Heiði.
74. Á vissan hátt hefur hann haldbæra afsökun fyrir að koma of seint heim þar sem Aðalráður leyfði honum ekki að fara vegna hugsanlegrar árásar Dana. En hugsanlega mætti ásaka Gunnlaug um að vera ekki nógu staðfastur í þeirri ætlan að ná til Helgu. Er hann enn „óráðinn“?!
75. Meiðslin í fætinum gerðu það að verkum að hann var ófær um að halda í brúðkaupsveisluna. (Hann hefði væntanlega gert mikinn usla hefði hann mætt þar.) Hugsanlega hefur fótarmeinið tafið Gunnlaug í ferðinni suður. Hann hefði því líklega náð til Borgar í tíma, hefði hann verið heill.
76. Hann lætur Þórð heita á Þór til sigurs í glímunni við Gunnlaug, en Þórður lætur í minni pokann fyrir Gunnlaugi. (Þór hefur samt sín áhrif, kannski örlagaáhrif, sbr. meiðsli Gunnlaugs og tafir af þeim sökum.)

11. kafli

77. Hún þótti heldur döpur.
78. Að Mosfelli (í Mosfellssveit).
79. Helga gerðist stirð við Hrafn og hún vildi ekki vera á Mosfelli; fóru þau þá til Borgar „og nýtti Hrafn lítið af samvistum við hana“, þ.e. samband þeirra var lítið.
80. Þeir Illugi og synir hans sátu í öndvegi en Þorsteini og Hrafn var skipað í annað öndvegi á móti.
81. Helga hin fagra sat næst brúðinni og renndi oft augum til Gunnlaugs. *Eigi leyna augu ef ann kona manni.*
82. Sambandið hefur kólnað enn því að nú virðist Hrafn *ekkert* („ekki“ = ekkert) fá að njóta Helgu (áður var sagt að sambandið væri lítið).
83. Hann bauð honum til hólmgöngu.
84. Henni lauk ekki því að þeir voru skildir að. Brot úr sverði Hrafns skaust í kinn Gunnlaugi og hlaut hann sár. Töldu báðir sig hafa sigrað; Hrafn vegna þess að Gunnlaugur varð sár, en Gunnlaugur vegna þess að Hrafn varð vopnlaus eftir að sverð hans brotnaði á skildi Gunnlaugs.
85. Sett var í lög að banna allar hólmgöngur á Íslandi.
86. Hrafn býður Gunnlaugi til hólmgöngu utanlands.

12. kafli

87. Hann sagðist ekkert fá að njóta Helgu.
88. Þeir settu hólmgöngu þeirra Hrafns og Gunnlaugs á svið og mæltu þannig að Gunnlaugur heyrði að Íslendingar hugsuðu smátt og væru seinir til að muna orð sín.
89. Hann varð seinn fyrir og komst aðeins til Orkneyja um haustið. Þar var hann með Sigurði jarli um veturinn og fór í hernað með honum um vorið. Þá hélt hann til Þrándheims á Hlaðir á fund Eiríks jarls og dvaldi hjá honum um veturinn. Hrafn var að vísu einnig í Þrándheimi (í Lifangri); hafði nú beðið þar í tvo vetur. Eiríkur bannaði að þeir berðust þar í hans ríki. Nokkuð sérkennilegt að Gunnlaugur sé svona tómlátur um að láta til skarar skríða. Það er eins og hann sé alltaf dálítið „óráðinn“ eins og sagt var um hann þegar hann var á unglingsaldri.
90. Á stað sem kallaðist Gleipnisvellir í Svíþjóð.
91. Mismunandi svör.
92. Hrafn og frændur hans, þeir Grímur og Ólafur; einnig Þorkell svartí, frændi Gunnlaugs, og nokkrum dögum síðar lést Gunnlaugur af sárum sínum.
93. Hann getur ekki unnt honum faðmlags Helgu, en Gunnlaugur er trúr hugsjón hetjunnar og treystir orðum andstæðingsins.
94. Hann lá í þrjár nætur í Lifangri og fékk alla þjónustu af presti og andaðist síðan og var þar jarðaður við kirkju.

13. kafli

95. Mismunandi svör. Í draumi Illuga kemur örn fram eins og í draumi Þorsteins. Fuglar (hræfuglar) birtast einnig í draumi Önundar. Blóð rennur í öllum draumunum. Segja má að draumarnir „rammi“ söguna inn.
96. Illugi lét drepa frænda Önundar og fóthöggva annan. Hermundur bróðir Gunnlaugs drap Hrafn, bróðurson Önundar. Ekkert þessara fórnarlamba hafði komið nálægt deilum þeirra Gunnlaugs og Hrafns.
97. Mismunandi svör.

Svör við eyðufyllingum

Úr 1. kafla

bóndasonum - hersis - afarmenni - afl - eygur - hófsmaður - höfðingi - Egilsson

Þorsteinn hét maður. Hann var **Egilsson**, Skalla-Grímssonar, Kveld-Úlfssonar **hersis** úr Noregi en Ásgerður hét móðir Þorsteins og var Bjarnardóttir. Þorsteinn bjó að Borg í Borgarfirði. Hann var auðugur að fé og **höfðingi** mikill, vitur maður og hógvæð og **hófsmaður** um alla hluti. Enginn var hann afreksmaður um vöxt eða **afl** sem Egill faðir hans því að svo er sagt af fróðum mönnum að Egill hafi mestur kappi verið á Íslandi og hólmgöngumaður og mest ætlað af **bóndasonum**, fræðimaður var hann og mikill og manna vitrastur. Þorsteinn var og hið mesta **afarmenni** og vinsæll af allri alþýðu. Þorsteinn var vænn maður, hvítur á hár og **eygur** manna best.

Úr 2. kafla

blíðlega - álf - hné - hnípin - örn - ýfast - þekkjast - snarplega - þýðast - karldyrum

Það dreymdi mig að ég þóttist heima vera að Borg og úti fyrir **karldyrum** og sá ég upp á húsin og á mæninum **álf** eina væna og fagra og þóttist ég eiga og þótti mér allgóð. Þá sá ég fljúga ofan frá fjöllunum **örn** mikinn. Hann fló hingað og settist hjá álfinni og klakaði við hana **blíðlega** og hún þótti mér það vel **þekkjast**. Þá sá ég að örninn var svarteygur og járnklær voru á honum. Vasklegur sýndist mér hann. Því næst sá ég fljúga annan fugl af suðurátt. Sá fló hingað til Borgar og settist á húsin hjá álfinni og vildi **þýðast** hana. Það var og örn mikill. Brátt þótti mér sá örninn er fyrir var **ýfast** mjög er hinn kom til og þeir börðust **snarplega** og lengi og það sá ég að hvorumtveggja blæddi. Og svo lauk þeirra leik að sinn veg **hné** hvor þeirra af húsmæninum og voru þá báðir dauðir en álfinn sat eftir **hnípin** mjög og dapurleg.

Úr 3. kafla

meybarn - sýnast - óþínslega - brugðið - skaplyndi - alheiðið - ómegð - illa - barni - þings

Um sumarið bjóst Þorsteinn til **þings** og mælti til Jófríðar húsfreyju áður hann fór heiman: „Svo er háttað,“ segir hann, „að þú ert með **barni** og skal það barn út bera ef þú fæðir **meybarn** en upp fæða ef sveinn er.“ Og það var þá siðvandi nokkur er land var allt **alheiðið** að þeir menn er félitlir voru en stóð **ómegð** mjög til handa létu út bera börn sín og þótti þó **illa** gert ávallt. Og er Þorsteinn hafði þetta mælt þá svarar Jófríður: „Þetta er **óþínslega** mælt,“ segir hún, „slíkur maður sem þú ert og mun þér eigi **sýnast** þetta að láta gera svo auðugur maður sem þú ert.“ Þorsteinn svarar: „Veist þú **skaplyndi** mitt,“ segir hann, „að eigi mun hlýðisamt verða ef af er **brugðið**.“

Úr 4. kafla

jafnaldrar - gull - tafli - fróðra - víðara - raunir - þokka - hylja

Jafnan skemmtu þau Helga sér að **tafli** og Gunnlaugur. Lagði hvort þeirra góðan **þokka** til annars bráðlega sem **raunir** bar á síðan. Þau voru mjög **jafnaldrar**. Helga var svo fögur að það er sögn **fróðra** manna að hún hafi fegurst kona verið á Íslandi. Hár hennar var svo mikið að það mátti **hylja** hana alla og svo fagurt sem **gull** barið og enginn kostur þótti þá þvítíkur sem Helga hin fagra í öllum Borgarfirði og **víðara** annars staðar.

Úr 5. kafla

Grindavík - Hrafn - goðorð - skáld - efnilegir - virtist - Mosfelli

Önundur hét maður er bjó suður að **Mosfelli**. Hann var auðmaður hinn mesti og hafði **goðorð** suður þar um nesin. Hann var kvongaður maður og hét Geirný kona hans, Gnúpsdóttir, Molda-Gnúpssonar er nam suður **Grindavík**. Þeirra synir voru þeir Hrafn og Þórarinn og Eindriði. Allir voru þeir **efnilegir** menn en þó var **Hrafn** fyrir þeim í hvítetna. Hann var mikill maður og sterkur, manna sjálegastur og **skáld** gott og er hann var mjög rosknaður þá fór hann landa á milli og **virtist** hvarvetna vel þar sem hann kom.

Úr 6. kafla

slík - vogur - jafnlangir - kyrtli - Sull - jarlinn - ætt - svartá - fæti - kenndi - haltur

Gunnlaugur var svo búinn að hann var í gráum **kyrtli** og í hvítum leistbrókum. **Sull** hafði hann á fæti niðri á ristinni. Freyddi úr upp blóð og **vogur** er hann gekk við. Og með þeim búningi gekk hann fyrir **jarlinn** og þeir Auðunn og kvöddu hann vel. Jarl **kenndi** Auðunn og spyr hann tíðinda af Íslandi en Auðunn sagði **slík** sem voru. Jarl spyr Gunnlaug hver hann væri en hann sagði honum nafn sitt og **ætt**. Jarl mælti: „Skúli Þorsteinsson,“ segir hann, „hvað manna er þessi á Íslandi?“ „Herra,“ segir hann, „takið honum vel. Hann er hins besta manns sonur á Íslandi, Illuga **svarta** af Gilsbakka, og fóstbróðir minn.“ Jarl mælti: „Hvað er **fæti** þínum Íslendingur?“ „Sullur er á herra,“ sagði hann. „Og gekkst þú þó ekki **haltur**?“ Gunnlaugur svarar: „Eigi skal haltur ganga meðan báðir fætur eru **jafnlangir**.“

Úr 7. kafla

berserkurinn - konungsnaut - hólms - banahögg - sverð - skjöldinn - lykkju

Og er þeir voru til **hólms** búnir þá spyr Þórormur hvernig sverð það væri er hann hafði. Gunnlaugur sýnir honum og bregður en hafði **lykkju** á meðalkafla á **konungsnaut** og dregur á hönd sér. Berserkurinn mælti er hann sá sverðið: "Ekki hræðist ég það **sverð**," segir hann og hjó til Gunnlaugs með sverði og af honum mjög svo **skjöldinn** allan. Gunnlaugur hjó þegar í mót með konungsnaut en **berserkurinn** stóð hlífjarlaus fyrir og hugði að hann hefði hið sama vopn og hann sýndi en Gunnlaugur hjó hann þegar **banahögg**.

Úr 8. kafla

Svíþjóðar - kvæði - jafnan - aldur - Skörum - Konungahellu - flokkur - gjöfina

Gunnlaugur þakkaði honum **gjöfina** og svo boð hið sama en kveðst verða að fara austur til **Svíþjóðar** og gekk síðan á skip með kaupmönnum þeim er sigldu til Noregs og komu um haustið austur við **Konungahellu**. Þorkell frændi hans fylgdi honum **jafnan**. Úr Konungahellu fengu þeir sér leiðtoga upp í Gautland hið vestra og komu fram í kaupstað þeim er í **Skörum** heitir. Þar réð fyrir jarl sá er Sigurður hét og var við **aldur**. Gunnlaugur gekk fyrir hann og kvaddi hann vel og kvaðst **kvæði** hafa ort um hann. Jarl gaf gott hljóð til. Gunnlaugur kvað kvæðið og var það **flokkur**.

Úr 9. kafla

einhverju - hót - virður - búinn - hræpa

Og er Hrafn var til brottferðar **búinn** þá mælti hann til Gunnlaugs: „Lokið skal nú okkar vináttu fyrir því að þú vildir **hræpa** mig hér fyrir höfðingjum. Nú skal ég **einhverju** sinni eigi þig minna vanvirða en þú vildir mig hér.“ Gunnlaugur svarar: „Ekki hryggja mig **hót** þín,“ segir hann, „og hvergi munum við þess koma að ég sé minna **virður** en þú.“

Úr 10. kafla

andaðist - föðurleifð - Hemingur - ríki - herja - konung - Danmörku

Í þennan tíma réð fyrir **Danmörku** Knútur hinn ríki Sveinsson og hafði nýtekið við **föðurleifð** sinni og heitaðist jafnan að **herja** til Englands fyrir því að Sveinn konungur faðir hans hafði unnið mikið **ríki** á Englandi áður hann **andaðist** vestur þar. Og í þann tíma var mikill her danskra manna vestur þar og var sá höfðingi fyrir er **Hemingur** hét, sonur Strút-Haralds jarls og bróðir Sigvalda jarls, og hélt hann það ríki undir Knút **konung** er Sveinn konungur hafði áður unnið.

Úr 11. kafla

heitkonu - Öxarárhólmi - þinginu - hólmgöngu - albúinn - kveðst - lögskilum - Lögbergs

Og einn dag á **þinginu** er menn gengu fjölmennir til **Lögbergs** og er þar var lykt að mæla **lögskilum** þá kvaddi Gunnlaugur sér hljóðs og mælti: „Er Hrafn hér Öundurason?“ Hann **kveðst** þar vera. Gunnlaugur ormstunga mælti þá: „Það veist þú að þú hefir fengið **heitkonu** minnar og dregst til fjandskapar við mig nú fyrir það. Vil ég bjóða þér **hólmgöngu** hér á þinginu á þriggja náttu fresti í **Öxarárhólmi**.“ Hrafn svarar: „Þetta er vel boðið sem von var að þér,“ segir hann, „og er ég þessa **albúinn** þegar þú vilt.“

Úr 12. kafla

lyktum - höfuð - ódrengilega - fögru - seildist - ann - leiðtogar - allmikið - hjálminum

Síðan gekk Gunnlaugur til lækjar eins og sótti í **hjalminum** og færði Hrafn. En hann **seildist** í mót hinni vinstri hendinni en hjó í **höfuð** Gunnlaugi með sverðinu hinni hægri hendi og varð það **allmikið** sár. Þá mælti Gunnlaugur: „Illa sveikstu mig nú og **ódrengilega** fór þér þar sem ég trúði þér.“ Hrafn svarar: „Satt er það,“ segir hann, „en það gekk mér til þess að ég **ann** þér eigi faðmlagsins Helgu hinnar **fögru**.“ Og þá börðust þeir enn í ákafa en svo lauk að **lyktum** að Gunnlaugur bar af Hrafn og lét Hrafn þar líf sitt. Þá gengu fram **leiðtogar** jarls og bundu höfuðsárið Gunnlaugs.

Úr 13. kafla

hneigði - rekti - Gunnlaugsnaut - örend - löngum - settist - krömdust - þyngd

Það var helst gaman Helgu að hún **rekti** skikkjuna Gunnlaugsnaut og horfði þar á **löngum**. Og eitt sinn kom þar sótt mikil á bæ þeirra Þorkels og Helgu og **krömdust** margir lengi. Helga tók þá og **þyngd** og lá þó eigi. Og einn laugardagsaftan sat Helga í eldaskála og **hneigði** höfuð í kné Þorkatli bónda sínum og lét senda eftir skikkjunni **Gunnlaugsnaut**. Og er skikkjan kom til hennar þá **settist** hún upp og rakti skikkjuna fyrir sér og horfði á um stund. Og síðan hné hún aftur í fang bónda sínum og var þá **örend**.